



Fundargerð frá fundi með fulltrúum Sunnuhlíðar

Fjarfundur á Teams 11.07.2024, 9:30-10:00

Fundarmenn: Kristjana H Kristjánsdóttir Umhverfissvið Kópavogsbæjar, Orri Gunnarsson skipulagsráðgjafi VSÓ, Lucia Lund skrifstofustjóri, Kristinn Björgúlfsson Sunnuhlíðarsamtök.

Fundarritari: Kristjana H Kristjánsdóttir


1. Farið yfir tilgang fundar

Unnið er að deiliskipulagsgerð stígs um Kópavogsháls með það að markmiði að aðskilja gangandi og hjólandi umferð. Verkefnið er hluti af stofnstígakerfi höfuðborgarsvæðisins og lagningu hjólastígs milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar.

2. Lóðarmörk Sunnuhlíðar

Vegna breikkun á stig meðfram Hafnarfjarðarvegi þarf að breyta lóðarmörkum smávægilega við Sunnuhlíð. Það er hægt að gera án mikillar breytinga á umferðarflæði eða bílastæðum við Sunnuhlíð.

„Þessi uppdráttur sýnir minnstu mögulegu breytingar á núverandi aðkomu. Í breytingunni felst að tvö stæði útfrá hringtorgi styttest um 80 cm og verða 4,5 m djúp. Bílastæði samsíða aðkomugötu styttest um 30-40 cm og verða 4,5 m 4,7 m djúp. Stoðveggir verða endurgerðir og ný gangstígatenging verður gerð norðan hringtorgs. Möguleiki væri á að koma fyrir hleðslubúnaði við bílastæði samhliða stíga- og stoðveggsframkvæmdum.“



Sunnuhlíðasamtökin óska eftir því að leggja fram skissur fyrir stjórn samtakanna í haust. Gera ekki athugasemdir við þessa lausn.

Sunnuhlíðasamtök hafa fengið leyfi um að bæta við bílastæðum nyrst við hringtorg og það leyfi er enn í gildi. Óskað er eftir því að bílastæði sem þegar er samþykkt falli inni fyrirhugaðar framkvæmdir. Það á hvort eð er að fara að hrófla við öllu þarna og lítill sem enginn kostnaður myndi falla á Kópavogsbæ við að bæta við auka stæði. Óskað er eftir að Kópavogsbær taki þann kostnað með í fjárhagsáætlun.

3. Lóðarblað

Mæliblað Kópavogsbrautar 1A, 1B, 1C dagsett 13.09. 2018 og hefur. Lóð L115277 er þar sýnd að flatarmál 16.983 m². Línur í kortavefsjá Kópavogsbæjar hafa verið uppfærðar eftir lóðarblaði. Óskað er að lóðarmörk í B húsi verði endurskoðuð þar sem við Sunnuhlíðarsamtökin sjá um umhirðu lóðarinnar í dag. Pláss er fyrir göngustíg á milli.

4. Umræða um göngutengingar

Skissur sýna mögulega tengingar inná stíg frá lóð á tveim stöðum.